

**Tilkynning um ályktun Náttúruverndarsamtaka Suðurlands og Sólar á Suðurlandi, 28. september 2013**

Náttúruverndarsamtök Suðurlands og samtökin Sól á Suðurlandi lýsa vantrausti og furðu á gjörðum og yfirlýsingum Sigurðar Inga Jóhannssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra. Sunnlensku samtökin tvö taka þannig undir vantraustsyfirlýsingu Náttúruverndarsamtaka Íslands og harðorð mótmæli Landverndar vegna óviðeigandi framkomu ráðherrans í garð íslenskrar náttúru.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands og samtökin Sól á Suðurlandi harma afstöðu ríkisstjórnarinnar til umhverfismála. Ríkisstjórnin hefur vanvirt bæði rammaáætlun og náttúruverndarlög og starf þeirra fjölmörgu fagmanna og leikmanna sem hafa komið að þessum verkefnum á annan áratug. Ennfremur átelja samtökin þá óvirðingu sem ríkisstjórnin hefur sýnt friðlandinu í Þjórsárverum og áratuga baráttu heimamanna fyrir verndun þess. Frestun á staðfestingu stækkunar friðlands sem var tilbúin til undirritunar í vor reyndist aðeins vera forsmekkurinn að þeim árásum á Þjórsá sem síðar hafa orðið.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands og samtökin Sól á Suðurlandi vilja þakka öllu því góða fólki sem hefur lagt lið baráttunni fyrir verndun Þjórsár og Þjórsárvera á liðnum árum, nú síðast Vigdís Finnbogadóttur fyrrverandi forseta Íslands, sem hvetur til verndunar allra stórfossanna í Þjórsá.

**Náttúruverndarsamtök Suðurlands og Sól á Suðurlandi**  
natturuvernd@nss.is